

113. fundur skólanefndar miðvikudaginn 27. apríl 2011 kl.17:00 í Ráðhúsinu

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, Áslaug Kristjánsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Guðmunda Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra í grunnskólanum, Dóra Björk Sigurðardóttir fulltrúi foreldra í leikskólanum, Sigurður Þórarinnsson, Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar og Elín Guðrún Pálsdóttir kennara í leiksskólanum, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund.

Skýrsla skólastjóra leikskólans:

- 1. Opíð hús:** Föstudag 29. apríl kl 9:30 – 11:30. Allir velkomnir. Sýnd verða verk barnanna og boðið upp á veitingar.
 - 2. Starfsdagur:** Gekk mjög vel, farið yfir skólanámsskrá og hún endurskoðuð.
 - 3. Daglegt leikskólastarf:** Vetrarstarfi formlega að ljúka með opnu húsi. Vorskólinn verður svo 11. – 13. maí.
 - 4. Foreldrasamstarf:** Boðið er upp á að foreldrar taki lengra frí fyrir börnin sín en þessar fimm vikur. Umsóknareyðublöð eru í leikskólanum.
 - 5. Sérfræðingar:** Ásta talmeinafræðingur er væntanleg 10. maí og eins á Inga sálfræðingur eftir að skila af sér tveimur skýrslum.
 - 6. Aðlögun:** Leikskólastjóri sagði frá því að núna þetta skólaárið sem er að líða hefur verið hægt að aðlaga inn börn um leið og þau hafi orðið árgömul vegna mikilla fæðar í leikskólanum. Í skólanámsskránni er talað um að aðal aðlögunartími nýrra nemenda sé frá maí fram í september og einnig í janúar ef aðstæður leyfa. Fyrirsjáanlegt er að næsta vetur verða mun fleiri nemendur í skólanum og því jafnvel ekki hægt að aðlaga alla mánuði ársins og eins og gert var þetta skólaárið.
 - 7. Leikskólaráðgjafi:** Ekki er neinn sem sér um ráðgjöf vegna starfsemi leikskólana á Snæfellsnesi frá Félags- og skólaþjónustunni eins og er við grunnskólana. Leikskólastjórar á Snæfellsnesi fara fram á að bæjarfélögin á Nesinu bæti úr þessu. Þær hugmyndir sem liggja að baki eru að þessi ráðgjafi myndi meðal annars: koma í heimsóknir í leikskólana að minnsta kosti einu sinni í mánuði, myndi halda utan um faglegt starf sem snýr að starfsemi leikskóla, ráðgjöf vegna foreldrasamstarfs svo fátt eitt sé nefnt.
- Skólanefnd styður þessa kröfu leikskólastjóra á Snæfellsnesi.
- Birgitta Þórey Bergsdóttir mun verða afleysingarmanneskja í leikskólanum eftir hádegi í maí og jafnvel eitthvað lengur.

Skýrsla skólustjóra grunnskólans:

2011 apríl / maí punktar Grunnskóla Stykkishólms

- **Miðvikudagur 27. apríl**
 - Nemendur mæta samkvæmt stundaskrá – kennsla hefst eftir páskaleyfi
- **Fimmtudagur 28. apríl**

Grænfánavinir heimsækja alla nemendur skólans skerpa á ýmsum liðum í sambandi við grænfánavinnu.
- **Föstudagur 29. apríl**
 - Háskólalestin, nemendur í 5. – 10. bekk.
- **Þriðjudagur 3. – fimmtudagur 5.**
- Nemendur frá Dalby skolen Kolding í heimsókn – gestgjafar nemendur í 9. bekk. Þetta eru 30 krakkar sem munu vera í skólastarfinu í tvo dagparta.
- **Föstudagur 6.**
 - Frí í Grunnskóla Stykkishólms
- **Þriðjudagur 10. og miðvikudagur 11.**
 - Smiðjudagar Grunnskóla Stykkishólms
- **Fimmtudagur 12.**
 - Opinn skóli í lok smiðjudaga frá kl: 14 – 17
- **Miðvikudagur 11. – föstudagur 13.**
 - Vorskóli GSS / umsjón Alda Leif Jónsdóttir, kennari
- **Föstudagur 13.**
 - Tónleikar í Stykkishólmskirkju kl. 11:30 – 12:30 með Lúðrasveit Stykkishólms
- **Miðvikudagur 18. – miðvikudags 25.**
 - Nemendur frá 6. – 10. bekk mæta í próf, - 3 prófdagar á bekk, sjá próftöflur á Mentor.
- **Sunnudagur 22. – mánudagur 23.**
 - Menningarferð 5. bekkjar, umsjón Helga Sveinsdóttir, kennari
- **Föstudagur 27.**
 - Hreinsunardagur GSS sem lýkur með grillveislu, nánar auglýst þegar að nær dregur
- **Þriðjudagur 31.**
 - Frágangsdagur kennara, frí hjá nemendum
- **Miðvikudagur 1. júní - Skólaslit Grunnskólans í Stykkishólmi í Stykkishólmskirkju kl. 18:00**

Næsta vetur verða nokkrar breytingar á starfsmannamálum grunnskólans. Unnur Breiðfjörð, Auður Rafnsdóttir og Róbert Árni Jørgensen hafa sagt stöðum sínum lausum. Lárus Ástmar Hannesson ætlar að minnka við sig kennslu. Auglýst hefur verið eftir kennurum fyrir næsta

vetur. Alls hafa borist ellefu umsóknir. Einnig þarf að ráða starfsfólk í heildagskólann fyrir næsta vetur.

Frí verður í grunnskólanum föstudaginn 6. maí þar sem skólahúsnæðið hefur verið lánað vegna Lionsþings sem haldið verður hér í bæ.

Önnur mál.

1. Einelti – Formaður las ályktun Heimilis og skóla um einelti.
Fyrirspurn hvort reglulega væru fundir í eineltisteymi grunnskólans.
Svar: þeir eru einu sinni í mánuði og telur skólastjóri að þessi mál séu í réttum og góðum farvegi. Unnið er jafnt með gerendum og þolendum í GSS. Ábending kom að eineltisáætlun sé ekki nógu aðgengileg á heimasíðu grunnskólans.
Fundargerð upp lesin og samþykkt. Skólastjórar viku af fundi kl. 18:15
2. Mappa fyrir nefndarfólk: í Borgarbyggð fær nefndarfólk möppur með öllum helstu upplýsingum um starf nefndarinnar. Ákveðið að setjast niður og setja saman verklýsingu og áætlun fyrir næsta vetur.

Kynning

Hrafnhildur og Sigurður A. sögðu frá námskeiði um störf og skyldur skólanefnda sem þau ásamt Hauki Garðarsyni fóru á 8.apríl í Borgarnesi.

Fundi slitið kl. 19:32

Fundargerð ritaði Elín Pálsdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (sign),

Sigurður A. Þórarinsson (sign),

Hrefna Frímansdóttir (sign),

Áslaug Kristjánsdóttir (sign),

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leiksskólans (sign),

Guðmunda Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra í grunnskólanum (sign),

Dóra Björk Sigurðardóttir fulltrúi foreldra í leikskólanum (sign),

Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar (sign),

Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara í leiksskólanum (sign).